


Samhverfa Leikskóli

Gögn:

- Kubbar
- Samhverfu spjald

Hér undirbýr kennari samhverfuspjald með því að kubba hálfu mynd af hlut sem börnin kannast við svo sem tré, gluggi, fiðrildi o.s.frv.



Börnin nota síðan kubba til þess að ljúka við myndina þannig að hún sé samhverf. Þegar þau eru búin geta þau síðan tekið myndina aftur í sundur þannig að næsta barn geti prófað. Einnig geta þau búið til sína eigin mynd fyrir næsta barn.

Spurningar sem hægt er að spyrja börnin:

- Hvaða kubba ertu með sem hafa sömu lögun/sömu stærð/sama lit eins og þessir sem eru hinum megin við línuna?
- Hversu marga kubba notaðir þú? Hvað eru margir kubbar á öllu spjaldinu?+
- Hversu marga bláa kubba notaðir þú? Hvað notaðir þú marga rétthyrninga?

Auðveldi verkefnið:

- Gefa barninu einungis þá kubba sem hann þarf til þess að ljúka við myndina

Þyngja verkefnið:

- Búa til abstrakt mynd fyrir þau að ljúka við í stað þess að hafa hana af einhverju sem þau kannast við.
- Í stað þess að nota lóðréttan samhverfu ás er hægt útbúa mynd sem nýtir láréttan samhverfuás
- Gefa barninu aðeins kubba í öðrum lit þannig að það þurfi að skoða vel útlit og stærð kubbana fremar en að reiða sig á litinn.
- Búa til mynd sem byggir einnig á þrívídd með því að setja kubba ofan á hvern annan.

Stuðla að samvinnu:

- Kenndu þeim að nota tungumálið til samvinnu með því að segja hópnum að ef einhver er ósammála því sem félagi hans er að gera þá mega þeir ekki taka kubbinn með höndunum heldur þurfa þeir að lýsa hugmyndinni sinni með orðum. Kenndu þeim að segja til dæmis: „ég er með aðra hugmynd hvert þessi kubbur á að fara“ og „ég held að þessi kubbur fari hingað af því að...“.

Hugmynd fengin frá:

<https://preschoolmath.stanford.edu/resource/mirror-blocks/>

